

## Grænt asfalt

Orðið grænt hefur skírskotun til þess sem telst umhverfisvænt. Grænt asfalt bendir til þess að asfalt eða bik sem notað er til vegagerðar sé ekki íþyngjandi fyrir umhverfið.

### Klæðingar

#### Þunnbik

- Bindiefni til klæðinga inniheldur terpintínu sem gufar upp í loftið og telst loftmengandi.
- Terpintínan er auk þess fengin úr takmarkaðri auðlind
- Það er bikið líka en það er varanlegur hluti bundins slitlags
- Terpintínan á að gufa upp strax að lokinni lögn slitlagsins og hefur ekkert framtíðar hlutverk til gagns fyrir veginn.

Tæknilegir eiginleikar vega jafnvel þyngra þegar leitað er leiða til að losna við terpintínuna.

- Terpintínan gufar ekki alveg upp
- Heldur bindiefninu samt ekki þjálu nógu lengi til að binda allat steinefnið
- Er aðalvaldur blæðinga í klæðingum
- Dýrt uppgufunarefni

#### Repjubik

- Repjuolía er afurð í hefðbundnum landbúnaði.
  - Unnin úr fræjum fóðurplöntu
  - Repjuolían gufar ekki upp
  - Veldur engum umhverfislegum skaða
- 
- Repjuolían bætir tæknilega eiginleika biksins svo bindiefnið verður betra en bikið sjálft.

#### Lækkun hita við framleiðslu malbiks

- Á að spara orku
- Reynt með vaxi og Asfamíni en eru dýrar lausnir
- Athugað hvort repjuolía getur komið í staðinn

Helsti ávinningur fyrir Vegagerðina væri að geta unnið með malbik eftir langa flutninga og kólnun þeim samfara.

Sigursteinn Hjartarson